

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sagnfræðisjóð Aðalgeirs Kristjánssonar.

### 1. gr.

#### *Nafn sjóðs, heimili og varnarþing.*

Sjóðurinn heitir Sagnfræðisjóður Aðalgeirs Kristjánssonar, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn.

Sjóðurinn er í umsjá og vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem eru í fjárvörslu Háskóla Íslands. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Tilgangur og markmið sjóðsins.*

Sjóðurinn skal hafa það að markmiði, samkvæmt erfðaskrá Aðalgeirs, að rannsaka hina sérstöku alþýðumenningu í Þingeyjarsýslu sem þar varð til á síðari hluta 19. aldar og upphafi þeirrar tuttugustu, rætur hennar, einkenni, vöxt hennar og viðgang.

### 3. gr.

#### *Stofnframlag og tekjur sjóðsins.*

Stofnframlag sjóðsins er gjöf Aðalgeirs Kristjánssonar, kt. 300524-4009, samkvæmt erfðaskrá, að fjárhæð kr. 50.000.000.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og framlögum frá þeim sem vilja veita markmiðum hans brautargengi skv. 2. gr.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Ef stjórn sjóðsins ákveður að greiða ekki styrki bætast þeir fjármunir sem lausir voru til úthlutunar það ár við þá sem lausir eru til ráðstöfunar árið eftir.

### 4. gr.

#### *Stofnandi sjóðsins.*

Aðalgeir Kristjánsson fæddist á Finnsstöðum í Ljósavátnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu 30. maí 1924 og andaðist á Húsavík 18. júlí 2021. Aðalgeir lauk kandiðatsprófi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands árið 1953, stundaði framhaldsnám við Óslóarháskóla 1954–1955 og vann við rannsóknir og útgáfustörf í Kaupmannahöfn veturna 1955–1958. Árið 1974 varði hann við Háskóla Íslands doktorsritgerð sína, Brynjólfur Pétursson, ævi og störf. Hann var settur bókavörður við Landsbókasafn Íslands 1959–1961, en starfaði sem skjalavörður við Þjóðskjalasafn Íslands frá árinu 1961 til starfsloka og sem fyrsti skjalavörður frá 1970. Aðalgeir stundaði ritstörf og rannsóknir meðfram störfum á Þjóðskjalasafninu og að loknum embættisskyldum einbeitti hann sér að sagnfræðirannsóknum. Aðalgeir telst meðal virtustu og afkastamestu sagnfræðinga seinni tíma, en sérsvið hans var 19. öldin og ekki síst stjórnálag, menningarsaga og samskipti Dana og Íslendinga.

### 5. gr.

#### *Stjórn sjóðsins.*

Rektor Háskóla Íslands skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Tveir þeirra skulu vera akademiskir starfsmenn við námsbraut í sagnfræði tilnefndir af námsbrautinni. Þriðji stjórnarmaðurinn skal alla jafnan vera úr hópi skyldmenna Aðalgeirs Kristjánssonar eða úr háskóla-samfélaginu. Við skipun stjórnar skal taka mið af tilgangi sjóðsins. Hlutverk stjórnar er að halda utan um málefni sjóðsins og kynningar- og umsóknarferli í samstarfi við umsjónarmann Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarstörf eru ólaunuð. Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega.

## 6. gr.

Formaður stjórnar sjóðsins skal boða til stjórnarfunda sjóðsins. Stjórnin tekur ákvörðun um fjárhæð styrkja og velur styrkþega úr hópi umsækjenda. Við styrkveitingar skal taka mið af tilgangi og markmiði sjóðsins. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund.

Stjórnin hefur eftirlit með ráðstöfun og meðferð fjármuna og fer yfir ársreikning sjóðsins. Stjórnin setur nánari starfsreglur um úthlutanir, svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna, innan ákvæða skipulagsskrár.

Stjórnin skal úthluta styrkjum á grundvelli auglýsingar. Auglýsing eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skal gerð á þann hátt að hún nái til sem flestra sem hún getur átt erindi við.

Sjóðstjórn heldur fundargerðabók og skilar fundargerðum til Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

## 7. gr.

*Umsýsla og endurskoðun sjóðsins.*

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Reikningar sjóðsins skulu birtir með sama hætti og annarra sjóða í vörslu Háskóla Íslands.

## 8. gr.

*Um breytingar á skipulagsskránni.*

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður, eða gera breytingar á tilgangi hans, af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Slíkt skal borið skriflega undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til málefna er tengjast tilgangi sjóðsins.

## 9. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 5. júlí 2023,*

**Grímur Rúnar Lárusson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*